
FORNLEIFASKRÁNING Í AKUREY Í GRUNNAFIRÐI




ÞRITSTJÓRI: KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR

HÖFUNÐAR EFNIS: JÓHANNA VALGERÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR & KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR

REYKJAVÍK 2022
FS897-22091

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES





Forsíðumynd er af tóft 001_04. Myndina tók Kristjana Vilhjálmsdóttir.

©2022

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BRÆÐRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar í Akurey í Grunnafirði sem unnin var að beiðni sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar. Eyjan er í heild um 7,2 hektarar að stærð og var hún gengin skipulega við úttektina. Vettvangsvinna fór fram í júlí 2022 og voru samanlagt skráðar 24 fornleifar á 16 minjastöðum.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, Akurey, Hvalfjarðarsveit, Fornleifastofnun Íslands

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out in July 2022 on the island of Akurey in Grunnafjörður. The survey was commissioned by the Hvalfjarðarsveit municipality. The survey covered the whole of the island, about 7,2 ha in total. In all 24 archaeological sites were surveyed at 16 locations.

Keywords: Archaeology, detailed survey, Akurey, Hvalfjarðarsveit, Institute of Archaeology in Iceland

Efnisyfirlit

I. Inngangur.....	1
II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	3
III. Aðferðir við fornleifaskráningu	5
IV. Fornleifaskrá.....	7
V. Samantekt um sögu svæðis og landshætti.....	27
VI. Fornleifar í Akurey	31
Heimildir	33
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93.....	35
Viðauki II: Minjakort	37



I. Inngangur

Grunnafjörður er fjörður norðan Akrafjalls. Hann var áður að hluta til í Leirár- og Melasveit og hluta til í Skilmannahreppi en svæðið tilheyrir nú Hvalfjarðarsveit, Í firðinum eru nokkrar eyjar og hólmar og er sú stærsta þeirra Akurey, um 7,2 ha að stærð. Eyjan tilheyrði lengi vel Leirárkirkju og var kölluð Leirárey í daglegu tali.

Árin 2001 og 2002 fór fram aðalskráning fornleifa í Leirár- og Melasveit¹ en að ósk sveitarfélagsins var eyjum og hölmum sleppt í þeirri skráningu. Því fóru Jón Sveinsson núverandi eigandi Akureyjar og sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses vorið 2022 að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa í eyjunni. Vettvangsrannsókn fór fram í júlí 2022 að loknu æðarvarpi. Gengið var skipulega um eyjuna, allir minjastaðir hnissettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Alls voru skráðar 24 fornleifar á 16 minjastöðum.

Um vettvangsvinnu sáu Kristjana Vilhjálmisdóttir og Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, fornleifafræðingar. Kristjana sá einnig um skýrsluskrif og kortagerð. Jón Sveinsson leiðsagði um eyjuna og lánaði auk þess myndir af völdum minjastöðum í skýrslu þessa. Eru honum færðar kærar þakkir fyrir margvíslega aðstoð. Aðrar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru í Akurey. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu eyjunnar og landshætti og í lokakafla hennar er að finna umfjöllun um fornleifar í Akurey og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar (hnitaská ISN93 og minjakort).

¹ Birna Lárusdóttir & Oddgeir Hansson 2003.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna

völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.



Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (SP, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við einingannúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001_01). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernjar jarðar.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens Númer fornleifar á tiltekinni jörð Sérheiti Tegund Hlutverk Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn **SF-175-009** **Sveinshlaða** **tóft** **hlaða** **E: 528751 N: 352323**

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torflaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar Hætta sem stoðjar að fornleif

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari fersla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund,

hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í.

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Skýringar á uppmælingum

	fornleif		torf		niðurgröftur
	grjót		torf og grjót		niðurgröftur
	grjót og steypa		þúst		leið

Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

IV. Fornleifaskrá

BO-109b² Akurey

[1491-1518]: Máldagi Leirárkirkju. „Jtem seigir Olafur Brandzson að kirkian eigi Akurey j Vogum.“ DI VII, 58.

1513: Kaupbréf fyrir Leirá (í Vísitaziubók Brynjólfs biskups um Sunnlendingafjórðung 1642). „Peturskyrckia að Leirá a [...]. Jtem Akurey j Wogum.“ DI VIII, 416. Sbr. DI XI, 33.

1575: Máldagi Leirárkirkju „Jtem Akurey i Vogum.“ DI XV, 628.

1674: „[...] 2 þjónustumenn séra Helga Jónssonar á Melum [drukknuðu], sem riðu úr Leirárey frá heyverkum tvímenning á sund með aðföllnum sjó.“ Annálar II, 235.

„[Jarðabók] 1804 getur um Akur eða Leirárey, og Tannakot, sem eyðihjáleigur [Leirár],“ JJ, 111.

Í fasteignamati 1918 segir að árið 1915 hafi Akurey verið tekin undan Leirá þegar jörðin var seld. Eyjan er þar alls metin á 3100 kr. Fasteignamat 1916 - 1918 - Undirmat Borgarfjarðarsýsla II, 21.

„Nokkuð langt fram á Grunnafirði, sem nú er ávallt nefnt Leirárvogar, er eyja, sem heitir Akurey, hún er stærsta eyjan í vogunum, er öðru nafni nefnd Leirárey enda var hún um fleiri aldir eign Leirár, en nú fyrir nokkrum árum keypt undir Skorrholtið, þar var eggjatekja og selveiði og nokkrar slægjur,“ segir í örnefnaskrá Skorholts. Ö-Skorholt, 1.

1707: „Sjáfarey ein liggur undir jörðina [Leirá], kölluð Akurey; þar er eggversvon nokkur, misjafnt gagnvæn, og þó meir af smáfugli en so lítið af æð, að ekki má kalla gagnvæna æðardúns von. Selveiðivon er við eyna, brúkast lítt, og um 30 ár alls ekki,“ segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. JÁM IV, 127.

1839: „Engar liggja byggðar eyjar undir sóknirnar en í Leirárvog, skammt frá landi, liggur 1. fögur og grasivaxin, að mestu kringlótt, flöt og ekki allstór varpeyja er Leirárkirkju tilheyrir og í máldögum hennar kallast Akurey á Vogum en í daglegu máli Leirárey. Er þar dúntekja í góðu árferði að munum, 10-20 pund og heyja má þar líka afla.“ SSMB, 226.

1918: „Eyjan gefur af sjer árlega um 120 hesta af töðu og 16 [pund] af dún. Haustbeit fyrir fje er þar góð.“ Fasteignamat 1916 - 1918 - Undirmat Borgarfjarðarsýsla II, 21.

² Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur Leirá númerið BO-109. Akurey heyrði að öllum líkindum upphaflega undir Skorholt en þar sem eyjan var eign Leirárkirkju þegar Jarðatal Johnsens var ritað árið 1847 fær eyjan hér númerið BO-109b.

„Þar [frá Fitjum 005] var svokölluð Uppanga [006] á eyjuna, farið á milli holta yfir á vesturey og meðfram holtinu að húsunum sem þar voru, áður fyrir nefnd Húsaþyrpingin eða Þyrpingin en nú oftast kallað Rústirnar, þar sem eru leifar gömlu húsanna sem þar stóðu í röð uppvið og undir klettahryggnum, öll hlaðin með grjóti og torfi og með burstum, íveru- og geymsluhús,“ segir í örnefnaskrá Akureyjar.


„[Jarðabók] 1804 getur um Akur eða Leirárey, og Tannakot, sem eyðihjáleigur,“ segir í Jarðabók Johnsen 1847.

„Í Leirárey var alltaf höfð kona á vorin til þess að hirða um varpið, og hafði hún jafnan ungling með sér, því að ekki þótti dælt fyrir eina manneskju að hafast við í eyggi að sögn gamla fólksins,“ segir í bernskuminningum Sæmundar Eggertssonar (1896-1969) í Tímanum 1967.

„Olafur Stefánsson [1731-1812] horfði ekki í kostnað við að gera veg Leirár sem mestan.

Þegar honum var einu sinni sögð sú frétt, að æðarkolla hefði gert sér hreiður í Leirárey, sendi hann þegar eina vinnukonu sína út þangað til þess að vaka yfir því, að ekkert illt henti kolluna, unz hún væri a sjó komin með unga sína. Lét hann hrófa upp kofa handa stúlkunni og stálpað barn vera hjá henni, henni til dægrodvalar, [...].

Sjálfur byggði Guðni [Þorbergsson 1864-1934] sér hús í Leirárey, en var þar þó ekki að staðaldri nema eitt ár, þótt lengur hefðist hann þar við á sumrum,“ segir í greininni Leirá í Leirársveit í Tímanum 1972.



Minjasvæði BO-109b:001

Í fasteignamati 1918 er húsakosti í Akurey lýst svo:

„1. Bær úr steinsteypu 9x6 al með járnþaki. Skúr er við bæinn 3 al á breidd með útveggjum úr torfi.

2. Búr og eldhús 5 x 3 al.

3. Fjós yfir 4 kýr.

4. Hesthús yfir 5 hross.

5. Smiðja 3x3 al. Öll hin síðartöldu hús eru byggð úr torfi og grjóti. Bygð 1915.“



Steypa húsið 001_01 í Akurey. Ártal óþekkt.

Tóftirnar í Húsaþyrpingunni eru skammt norðan við miðju Akureyjar. Tóftirnar eru fimm talsins, 01-05, en auk þeirra er á svæðinu Hestasteinn 06. Minjasvæðið sem tóftirnar eru á er alls um 45 x 13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Húsaþyrpingin er undir um 2 m háum kletthrygg, hálfgrónum. Mjög mikill gróður er á svæðinu, einkum hvönn.



Tóftir 001_01 og 001_02, horft til SSV á ljósmynd.

Tóft Steinhússins 01 sem byggt var af Guðna Þorbergssyni árið 1915 er suðvestast í Húsaþyrpingunni. Tóftin er um 10 x 10 m að stærð og er breidd veggja um 1,5-3 m. Tóftin var nánast hulin hvönn þegar eyjan var heimsótt sumarið 2022 en þó sást víða í grjóthleðslur og steypa veggþúta. Hleðsluhæð er víðast ekki meiri en 40 cm og er þykkt steyptra hluta um 40 cm.

Ljósmynd er til af Steinhúsinu og var það einlyft hús með bárujárnþaki og strompi við

eitt horn byggingarinnar. Húsið stóð til um 1960. Steinhúsið var mögulega að hluta byggt ofan á minjar eldri byggingar, sjá 02.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Akurey, 1; JJ, 111; Tíminn Jólblað 21.12.1972, 48; Tíminn Sunnudagsblað 15.10.1967, 900; Fasteignamat 1916 - 1918 - Undirmat Borgarfjarðarsýsla II, 21



*Tóftir 001_01 og 001_02 í mars 2022, horft til suðausturs.
Ljósmyndari: Jón Sveinsson.*

BO-109b:001_02 tóft óþekkt 358190 434467

Jón Sveinsson, heimildarmaður, benti á leifar grjóthlaðins húss fast ofan (suðaustan) við tóft Steinhússins 01. Afar erfitt var að greina minjarnar vegna gróðurs en þó markar fyrir hleðslu sem liggur til suðvesturs út frá suðurhorni tóftar 02. Hleðslan er um 20-30 cm á hæð, 4,5 m á lengd og 0,7-1 m á breidd, mjórri til suðvesturs. Önnur hleðsla, svipuð á hæð og lengd en um 1,5 m á breidd, virðist liggja til norðvesturs frá vesturhorni tóftar 01. Mögulega eru þessar hleðslur leifar eldri byggar sem stóð á þessu svæði áður en Steinhúsið 01 var byggt en þær gætu einnig hafa verið eitt þeirra húsa sem nefnt er í fasteignamati 1918. Ekki er þó fyllilega ljóst hvort að báðar hleðslurnar hafi tilheyrt sömu byggingunni og er einnig mögulegt að önnur þeirra, eða báðar, hafi verið hluti af viðbyggingu við Steinhúsið 01.

Hættumat: engin hættu

Tóft 03 er um 6 m norðaustur af tóft 01. Hún er tvískipt, hlaðin úr torfi og grjóti. Tóftin er um 6,5 x 5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Breidd veggja er víðast 0,7-2 m. Innanmál suðvestara hólfs er um 2 x 2 m og er inngangur á norðvesturhlið. Norðaustara hólfið er um 2 x 1 m að innanmáli og er gengið inn í það á norðausturhlið. Hæð veggja er um 60-120 cm að innan, hæst á suðausturhlið, en 40-60 cm að utan. Víða sést í grjót og eru mest teljanleg 3-4 umför af grjóti. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hún er að öllum líkindum eitt þeirra útihúsa sem nefnt er í fasteignamati 1918.

Hættumat: engin hætta



Tóft 001_03 í mars 2022, horft til suðausturs. Ljósmyndari: Jón Sveinsson.



0 1 2 3 4 m

Tóft 001_03, horft til SSV á ljósmynd.

Tóft 04 er um 8,5 m norðaustur af tóft 03. Hún er einnig tvískipt og hlaðin úr torfi og grjóti. Tóftin er um 9 x 6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Inngangur er í bæði hólfin á norðvesturhlið. Breidd veggja er víðast 1-2 m. Bæði hólfin snúa norðvestur-suðaustur og er suðvestara hólfið um 3,5 x 2 m að innanmáli en það norðaustara um 2,5 x 1,5 m. Tóftin er að hluta til grafin inn í hólinn á norðaustur- og suðausturhlið. Hæð veggja er allt að 1,6 m að innan en mest um 80 cm að utan. Ágætlega sést í hleðslur innan í tóftinni og eru mest teljanleg 5-7 umför af grjóti en töluvert hefur einnig hrunið úr veggjum inn í tóftina. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hún er að öllum líkindum eitt þeirra útihúsa sem nefnt er í fasteignamati 1918.

Hættumat: engin hættu



Tóft 001_04 í mars 2022, horft til SSA. Ljósmyndari: Jón Sveinsson.



0 1 2 3 4 m

Tóft 001_04, horft til suðausturs á ljósmynd.

BO-109b:001_05 tóft óþekkt


358210 434503

Um 3,5 m norðaustur af tóft 04 er óskýr tóft eða garðlag 05. Aðeins eru greinanlegir tveir veggjabútar sem marka norðaustur- og norðvesturhlið. Norðausturveggurinn er skýrari, um 4,5 m á lengd, 1-1,3 m á breidd og um 40 cm á hæð. Grjót er greinanlegt að innan (suðvestanmegin) og sjást 1-2 umför af grjóti. Um 1 m breitt rof er við norðurhorn mannvirkisins en norðvesturveggur er um 2,5 m á lengd, 1,5 m á breidd og 30-40 cm á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hún gæti verið eitt þeirra útihúsa sem nefnt er í fasteignamati 1918.

Hættumat: engin hætta



*Tóft 001_05 í mars 2022, horft til suðausturs.
Ljósmyndari: Jón Sveinsson.*




Tóft 001_05, horft til ASA á ljósmynd.

BO-109b:001_06 *Hestasteinn* heimild

358188 434479

„Ef hestar voru fáir var stundum farið á þeim að svonefndum Hestasteini við gömlu húsin [001],“ segir í örnefnaskrá Akureyjar. Hestasteinninn er um 1,5 m norðaustan við norðausturhlið tóftar 01. Steinninn er um 40 cm á hæð og 50 cm í þvermál og er vel mosa og skófum vaxinn. Í hann er fest járnlykkja.



Hestasteinn 001_06, horft til suðausturs.



*Hestasteinn 001_06 í mars 2022, horft til suðausturs.
Ljósmyndari: Jón Sveinsson.*

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Akurey, 1

BO-109b:002_01 garðlag kálgarður

358159 434397

Í fasteignamati 1918 segir: „Reynt hefir verið að rækta matjurta garð í Akurey. Í ár hefir uppskeran verið um 8 tonn.“ Miðsvæðis á eyjunni, um 5 m vestan við Kofann og um 80 m SSV af bæjartóft 001_01 eru leifar kálgarða. Tveir garðar eru á svæðinu sem er alls um 23 x 8 m að stærð og snýr austur-vestur.



0 1 2 3 4 m

Garður 002_01, horft til norðurs á ljósmynd.

Mjög mikill gróður er á svæðinu, einkum blóðkollur og hvönn. Víðiplöntur vaxa norðan við garð 002_01 en öspum hefur verið plantað milli garðanna.

Garður 01 er austar og sést sem samsíða garðlög eða ílöng beð sem liggja norður-suður. Fimm slík beð sjást skýrt en mögulegt er að þau hafi verið fleiri til austurs en hafa þá mikið gengið í þúfur. Alls er kálgarðurinn um 7,5 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Beðin eru hvert fyrir sig milli 3,5-4,5 m á lengd, 1-1,5 m á breidd og um 30 cm á hæð. Rabbarbari vex fast norðan við garðinn.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Fasteignamat 1916 - 1918 - Undirmat Borgarfjarðarsýsla II, 21

BO-109b:002_02 garðlag kálgarður 358141 434393

Garður 02 er um 6 m vestan við garð 01. Hann er torfhláðinn, alls um 8,5 x 7,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er þó frekar óskýr og mikið genginn í þúfur og er einnig þýft bæði innan garðsins og utan. Garðlag afmarkar þrjár hliðar garðsins en norðvesturhlið er töluvert styttri en suðausturhlið og nær aðeins um 5,5 m frá vesturhorni.



Garður 002_01, horft til norðurs á ljósmynd.

Ekkert garðlag sést á norðausturhlið. Garðlagið er víðast um 1-1,5 m á breidd og 30-50 cm á hæð.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

BO-109b:003 *Norðurakur* heimild um akur 358410 434559

„Upp af vikunum [Hrútavík og Klettsvík] er Norðurakurinn eða Sléttan, en þar var akur áður fyrr og síðar töluvert kríuvarp sem nú er horfið. Þar var einnig heyjað,“ segir í örnefna-skrá Akureyjrar.

„Jón Sýslumaður Snorrason hefir talið [...] að ýmsar korntegundir vari af sjálfum sér á einstöku stöðum, sem hann hyggur að vera muni leifar eptir forna akuryrkju. [...] I Leirárey í Borgarfirði, og i sumum eyum á Breiðafirði, vari einhver hafra tegund, segist hann hafa látið gera graut úr þeim, og hafi hann verið væminn af sætu,“ segir í grein í Ármann á Alþingi 1830. Norðurakur er 300 m norð-austur af bæjartóft 001_01.



Norðurakur 003 horft til austurs.

Umhverfi akursins er allt ýmsum gróðri vaxið. Þó nokkuð er af hvönn. Landslagið er frekar ójafnt og þýft í kringum akurinn.

Gróflega má greina hvar akurinn var áður þar sem á norðausturhluta eyjarinnar er einskonar slétta á annars þýfðu og ójöfnu svæði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Akurey, 3; Ármann á Alþingi 1830, 72-73

BO-109b:004_01 *Suðurakur* örnefni akur 358029 434131

„Ef haldið er frá Oddanum í norður eftir vesturhuta eyjunnar er Sléttan upp af Oddanum, grösug (nú mest hvönn) sem nær að Fláanum, litlu skáhallandi holti, en sunnan undir því hefst Suðurakurinn sem nær niður fyrir Sléttuna,“ segir í örnefnaskrá Akureyjar. Akurinn er 350 m suður af bæjar-tóft 001_01.



Suðurakur 004 horft til suðurs.

Akurinn er nú vaxinn hvönn en umhverfi hans er fjölbreyttari gróður. Eyjan er öll þakinn miklum og háum gróðri en lítið er gengið á hana svo gróðurinn fær frið til þess að vaxa og dreifa úr sér.

Svæðið sem kennt er við akurinn er sléttari en umhverfi sitt. Meira vex af hvönn á þessu

svæði en umhverfis hann og annarsstaðar á eyjunni. Akurinn náði yfir suðausturhluta eyjunnar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Akurey, 2

BO-109b:004_02 renna óþekkt 358061 434136

Norðvestarlega á Suðurakri er um 12 m löng renna sem liggur ASA-VNV og endar tæpum 5 m frá suðvesturbökkum eyjunnar. Rennan er að mestu hulin gróðri, en er um 20 cm á breidd og dýpt. Jón Sveinsson, heimildarmaður, taldi rennuna vera frá 20. öld, og er óvíst hvort hún teljist til fornleifa.

Hættumat: engin hættu

BO-109b:005 *Fitjar* heimild 358318 434530

„Þegar komið var á hestum í eyjuna á fjöru voru þeir yfirleitt bundnir og geymdir á svonefndum Fitjum í breiðri Vík á austurhluta eyjunnar, en sjórinn hefur í dag meira og minna tekið gömlu fitjarnar til sín og því sandur eingöngu þar nú á fjöru,“ segir í örnefnaskrá Akureyjar. Samkvæmt heimildarmanni, Jóni Sveinssyni, voru hestarnir bundnir við steina á Fitjunum. Fitjarnar eru í um 140 m norðaustur af bæjartóft 001_01.



Fitjar 005, horft til norðvesturs

Á ströndinni er svartur sandur. Á bakkanum má sjá í klöpp og mikinn gróður.

Fitjarnar eru strönd og mögulega manngert innskot í fjörunni en það er óvíst. Samkvæmt heimildarmanni er sífellt að rofna úr eyjarbakkanum svo ekki er hægt að sjá ástand fitjanna þegar þær voru í notkun fyrir hrossin. Í ströndinni er svartur sandur. Á bakkanum má sjá í klöpp og mikinn gróður.

Hættumat: hættu vegna landbrots

Heimildir: Ö-Akurey, 1

BO-109b:006 Uppganga gata leið

358259 434521

„Þar [frá Fitjum 005] var svokölluð Uppganga á eyjuna, farið á milli holta yfir á vesturey og meðfram holtinu að húsunum [001] sem þar voru [...],“ segir í örnefnaskrá Akureyjar. Götur sjást á um 90 m löngum kafla frá Fitjum til vesturs að Rústunum 001 og enda við tóft 001_04.

Eyjan er öll þakinn miklum og háum gróðri en lítið er gengið á hana svo gróðurinn fær frið til þess að vaxa og dreifa úr sér.

Örlitlar götur má sjá hér og þar sem uppgangan/leiðin var. Göturnar sjást frá austur hluta fjörunnar og upp að bænum en þó víða er hann orðinn óskýr af gróðurvexti. Uppgangan minnir helst á kindagötur.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Akurey, 1



Uppgangan 006, horft til norðurs.

BO-109b:007 garðlag óþekkt

358365 434492

Norðarlega á Akurey, sunnan við Norðurakur 003 er garðlag meðfram strönd eyjunnar, um 165 m austur af bæjartóft 001_01.

Garðlagið er í lágrí grasi gróinni brekku en neðan við það er grýtt fjara.

Garðlagið er alls um 42 m á lengd. Það liggur u.þ.b. austur-vestur en sveigir með strönd eyjunnar og er nær því að vera S-laga en beint.

Garðlagið er grjóthlaðið, víðast 80-100 cm á breidd. Það er hæst um 80 cm en víðast lægra, um 30 cm. Mest sjást 4-5 umför af grjóti.

Grjótið í hleðslunni er skófum vaxið. Um 12 m frá vesturenda er um 3 m kafli þar sem náttúrulegir klettur eru nýttir í stað hleðslu en



Garðlag 007, horft til austurs.

einnig er tæplega 1 m breitt rof á garðlaginu litlu austan við miðju þess. Hlutverk garðlagsins er óþekkt. Mögulegt er að það hafi verið hlaðið sem varnargarður en samkvæmt heimildarmanni, Jóni Sveinssyni, hefur landbrot þó ekki verið mikið á þessum stað.

Hættumat: engin hættu

BO-109b:008 *Brunnurinn* brunnur brunnur 358144 434381

„[Kofinn] er lítill geymsluskúr sem þar hefur verið lengi, sunnan undir Sjónarhóli, sem er hæsti klettur eða hóll eyjunnar. Skammt sunnan við Kofann er Brunnurinn, forn hlaðinn brunnur sem í var sótt vatn meðan verið var í eyggi,“ segir í örnefnaskrá Akureyjar. Brunnurinn er 100 m suðaustur af bæjartóft 001_01.



Brunnur 008, horft til suðurs.

Umhverfis brunnninn vex illgresi og hvönn. Þó er ágætis aðgengi að brunnum. Eyjan er öll þakinn miklum og háum gróðri en lítið er gengið á hana svo gróðurinn fær frið til þess að vaxa og dreifa úr sér.



Horft ofan í brunn 008.

Brunnurinn er grjóthlaðinn með viðarloki yfir. Viðurinn í brunnlokinu er vindbarinn og örlítið mosagróin. Höldur og fjalir eru á hler-anum úr járni. Þær eru heldur ryðgaðar en frekar heillegar. Brunnurinn er upphlaðinn um 40 cm og er vatn í honum í um 2 m niður. Innanmál brunnsins er hringlaga en viðarlökan og ytra mál hleðslunnar er fimmhyrnt.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Akurey, 1

BO-109b:009 *Skurður* renna óþekkt

358037 434187

„Norðan Fláans er mjó læna, svo-nefndur Skurður, sem óvist er hvernig til er komin,“ segir í örnefnaskrá Akureyjar. Skurðurinn er á suðvestur hluta eyjunnar, um 330 m suðvestan við bæ 001 og 13 m norðvestur frá þúst 015.

Eyjan er öll þakinn miklum og háum gróðri en í henni er lítil umferð gangandi fólks svo gróðurinn fær frið til þess að vaxa og dreifa úr sér.

Skurðurinn er heldur óskýr norðan og snýr austur-vestur. Skurðurinn virðist liggja út fyrir eyjabrúnina. Brúnir skurðarins eru að hluta hlaupnar í þúfur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Akurey, 2



Skurður 009, horft til VNV.

BO-109b:010 *Víkin* heimild um uppsátur

358224 434436

„Þegar komið var á hestum í eyjuna á fjöru voru þeir yfirleitt bundnir og geymdir á svonefndum Fitjum [005] í breiðri Vík á austurhluta eyjunnar, [...]. Innst í Vestuvíkinni er Vörin [011], sem er lítið bátalægi skammt frá Brunninum. Þar og í Víkinni að austanverðu voru bátar ýmist bundnir eða teknir upp,“ segir í örnefnaskrá Akureyjar. Víkin er 50 m austur af bæjartóft 001_01.

Bátavíkin er fremur lítil vík í fjörunni á austurhluta eyjunnar. Í fjörunni er svartur sandur, gróður og klöpp.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Akurey, 1-2



Víkin 010, horft til norðausturs.

BO-109b:011 *Vörin* heimild um uppsátur

358115 434375

„Vestuklettur eru vestan við Borgir og í framhaldi þeirra tekur Vesturvíkin við. [...]. Innst í Vestuvíkinni er Vörin, sem er lítið bátalægi skammt frá Brunninum. Þar og í Víkinni [010] að austanverðu voru bátar ýmist bundnir eða teknir upp,“ segir í örnefnaskrá Akureyjar. Vörin er um 120 m SSV af bæjartóft 001_01.



Vörin 011, horft til SSV.

Vörin er í grýttri vík, þó með tiltölu-lega sléttum botni. Víkin er afmörkuð af hálfgrónum klettum, 2-3 m háum.

Ekki sjást skýr ummerki um mannaverk í Vörinni en óvíst er hvort að nokkur slík hafi einhvern tímann verið sjáanleg.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Akurey, 2

BO-109b:012 *Garðurinn* gerði kálgarður


358245 434527

„Norðureyjan tekur við þegar komið er norður fyrir Össustæti. Upp af Fitjunum [005] og Uppgöngunni [006] eru Garðurinn og Hleðslan. Hleðslan er hlaðin úr grjóti og torfi nánast á fjórar hliðar, sumar allháar umhverfis Garðinn, sem myndar allstóran ferning. Garðurinn hefur væntanlega verið nýttur áður fyrir til ýmiskonar ræktunar en óljóst er í hvaða tilgangi. Hugsanlega kartöflu- og kálræktar og e.t.v fleira,“ segir í örnefnaskrá Akureyjar. Í fasteignamati 1918 segir: „Reynt hefir verið að rækta matjurta garð í Akurey. Í ár hefir uppskeran verið um 8 tunnur.“ Garðurinn er 80 m norður af bæjartóft 001_01. Eyjan er öll þakinn miklum og háum gróðri en í henni er lítil umferð gangandi fólks svo



Norður-vesturhlið Garðs 012, horft til norðvesturs.

gróðurinn fær frið til þess að vaxa og dreifa úr sér. Um og á garðinum er mikið um hvönn ásamt mosa öðrum gróðri. Innan um gerðið eru trjá runnar, bæði upp við og austur hlið og garðsins og um garðinn miðjann.



Garður 002_01, horft til norðausturs á ljósmynd.

Garðurinn er grjót og torfhláðinn. Hann er ferkantaður, um 21,5 x 10,5 m að stærð. Hlaðið er fyrir norðvestur-, norðaustur- og suðausturhliðar hans en suðurvesturhliðin er opin, enginn veggur var hlaðinn þar. Suðausturhlið garðsins er aðeins grjóthleðsla en norðaustur- og norðvesturhliðar eru úr bæði torfi og grjóti. Hleðsluhæð suðausturhliðar er 0,3-0,7 m og líklega er hliðin að talsverðu leyti hrunin. Norðaustur- og norðvesturhliðar eru 0,5-1,70 m á hæð. Norðaustur- og norðvesturhliðar eru grasi grónar en austurhlið ógróin að mestu.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Akurey, 2; Fasteignamat 1916 - 1918 - Undirmat Borgarfjarðarsýsla II, 21

BO-109b:013_01 garðlag varnargarður

358349 434643

„Austur frá [Blika]holtinu í lægðinni er Lági mó, einnig Kollusund og Blikavík við sjóinn nyrst í móanum. Þar eru hleðslur, bæði gamlar og nýjar, til að reyna að hefta landbrot,“ segir í örnefnaskrá Akureyjar. Þrjú varnargarðar þvera vestari hluta víkunnar en aðeins ysta hleðslan 01, telst til fornleifa. Um 14 m sunnar en hleðsla 01 er yngri gjóthleðsla, um 50 ára gömul samkvæmt heimildarmanni,



Yngri varnargarðar í Blikavík, horft til SSA.

Jóni Sveinssyni. Sú hleðsla er við það að hverfa í sand en um 2 m sunnar er nýjasti varnargarðurinn í víkinni, hlaðinn úr steypublokkum festum saman með járnkeðjum. Önnur gömul hleðsla 02 liggur meðfram vesturhlið víkunnar. Hleðslurnar eru um 235 m norðvestur af bæjartóft 001_01. Minjasvæðið sem hleðslur 01 og 02 eru á er um 12,5 x 12,5 m að stærð og snýr svæðið NNA-SSV.



Varnargarðar 013, horft til austurs.

Blikavík er skipt í tvennt af um 1-1,5 m háum grjóttanga, Flösinni, en 2-3 m hálfgrónir klettur marka vestur- og austurhliðar víkunnar. Vestari hluti víkunnar er fremur grýttur en austari hlutinn er sendnari. Utar (norðar) en hleðsla 01 er vikin fyllt þangi en innar (sunnar) er minna um gróður.

Elsta grjóthleðslan sem þverar Blikavík er orðin fremur ógreinileg og rís ekki nema 10-20 cm hærra en umhverfið. Hún er um 8,5 m á lengd, 1 m á breidd og liggur u.þ.b. austur-vestur.

Hættumat: stórhætta vegna landbrots

Heimildir: Ö-Akurey, 2

BO-109b:013_02 garðlag varnargarður 358337 434638

Hleðsla 02 er tæpum 7 m suðvestar en vesturendi hleðslu 01. Hún er fast við vesturhlið Blikavíkur, um 6,5 m á lengd og liggur NNA-SSV. Hleðslan er víðast 50-80 cm á breidd og 30 cm há, hlaðin úr einfaldri röð af stórgrýti.

Hættumat: hætta vegna landbrots

BO-109b:014 *Uppsprettan* lind vatnsból

358216 434531

„Norðan Hleðslunnar [012] á vestuhlutanum er Uppsprettan, sem kemur undan Hryggnum, norðurenda klettahryggs sem gengur eftir eyjunni endilangri,“ segir í örnefnaskrá. Uppsprettan var notuð sem vatnsból þegar ekki var farið í Brunninn 008 samkvæmt Jóni Sveinssyni, heimildarmanni. Uppsprettan er um 65 m NNA af bæjartóft 001_01.

Uppsprettan er um 5 m ofan (suðaustan) við fjöru, austan undir um 1 m háum klettahrygg. Mikill gróður er á svæðinu, einkum hvönn og blóðkollur.

Vatn safnast fyrir undir klettunum á þessum stað en var þó lítil pollur þegar eyjan var heimsótt sumarið 2022.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Akurey, 2



Uppspretta 014, horft til VNV.

BO-109b:015 þúst óþekkt

358047 434170

Þúst er 330 m suður af bæjartóft 001_01 og 15 m norðan við Suðurakra 004.

Eyjan er öll þakinn miklum og háum gróðri en lítil umferð gangandi fólks er í henni svo gróðurinn fær frið til þess að vaxa og dreifa úr sér.

Þústin er 11 x 9 m að stærð og er hæst um 2 m. Þústin er vaxin gróðri og er vesturhluti hennar vaxinn hvönn en það sést ágætlega í hana austanmeginn.

Hæsti punktur þústarinnar er um miðbik hennar. Ekki er að sjá hólfaskipan eða inngang vegna gróðurs. Ekki er vitað hvers lags mannvirki kann að hafa verið á þessum stað.

Hættumat: engin hættu



Þúst 015, horft til austurs.

BO-109b:016 tóft útihús 358223 434519

Tóft er 60 m norðaustur af bæjartóft 001_01 og 8 m suðvestur af kálgarði 012.

Eyjan er öll þakinn miklum og háum gróðri en lítil umferð er um hana þannig að gróðurinn fær frið til þess að vaxa og dreifa úr sér. Umhverfis tóftina er gras og ýmiss gróður en ekki svo hátt að ekki sjáist í tóftina. Trjárinni er fast sunnan við tóftina.



Tóft 016, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Tóftin er 7 x 5,5 m stór og snýr norður-suður. Hún skiptist í tvö hólfi. Tóftin er öll torf-hlaðin og stendur syðra hólfið betur en það nyrðra. Ekki sést inngangur á hólfið en innri brún veggja er greinanleg. Tóftin er vaxin gróðri en stendur ágætlega. Hleðsluhæð hennar er 0,3-0,5 m. Suðrhólf tóftarinnar er 2,8 x 3 m á lengd. Nyrðra hólfið er 5,5 x 3,7 að innanmáli. Hólfið er á kafi í gróðri en innri brún veggja er vel greinileg. Inngangur/op á hólfið er í norðausturhorni þess. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklegast er um útihús af einhverju tagi að ræða.

Hættumat: engin hættu



V. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Akurey var stundum kölluð Leirárey áður fyrr en á seinni tímum hefur upphaflega nafnið Akurey verið notað af eigendum hennar, nágrönnum við Grunnafjörð og opinberlega. Hennar er fyrst getið í heimildum í kringum 1500 sem eign Leirárkirkju.³ Þó er sögn um að hún hafi upphaflega heyrt undir bæinn Skorholt en að kona þaðan hafi gefið kirkjunni eyjuna í sáluhjálpargjöf.⁴ Akurey var einnig á tímum nýtt frá kirkjustaðnum á Melum,⁵ en kirkjan á Leirá var bændakirkja og annexía frá Melum.⁶ Eyjan hélst eign Leirárkirkju allt til 1915 þegar kirkjubóndinn, Guðni Þorbergsson, lét byggja nýja kirkju sem hann síðan afhenti söfnuðinum án jarðeigna og ítaka. Skömmu síðar seldi Guðni Leirá en hélt Akurey eftir.⁷ Hún var síðar keypt af þáverandi eigendum Skorholts⁸ og er Akurey í dag í einkaeign ættinga þeirra.

Ýmis hlunnindi hafa verið í eyjunni í gegnum tíðina. Nafn eyjunnar bendir til þess að þar hafi akuryrkja verið stunduð fyrir á öldum og á þar að hafa fundist einhvers konar hafrategund í litlu magni a.m.k. fram á fyrri hluta 18. aldar.⁹

Á seinni öldum voru þeir hlutar eyjunnar sem kallaðir eru akrar einkum nýttir til slátturs. Þess er ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að slægjur séu í Akurey en heimildir eru þó um heyskap í eyjunni a.m.k. frá seinni hluta 17. aldar.¹⁰ Árið 1786 kvartaði Ólafur Stefánsson stiftamtmaður sem bjó á Leirá um 1761-1766¹¹ yfir hrossabeit í eyjunni: „Í Leirárey, á hverri féllu 120 hestar góðs heys árlega, fengust eftir hennar 4 ára beit af hrossum, sem nábúar höfðu leyft sér í minni hjarlægð, naumast 50 hestar heys í góðu grasári strax eftir, svo mjög höfðu hrossin skemmt hana. Eyin var rótnöguð og uppbarin ofan í mold, með svörtum flögum, kalin og fordjörfuð.“¹² Fyrir utan slík tímabundin áföll virðist heytekja hafa haldið svipuð í eyjunni því hún var enn sögð um 120 hestar töðu árið 1918.¹³ Að slætti og réttum loknum var í eyjunni haustbeit fyrir líflömb fram til jólaföstu.¹⁴ Heyjað

³ DI VII, 58.

⁴ Tíminn Sunnudagsblað 08.09.1968, 679.

⁵ Sbr. Annálar II, 235.

⁶ JÁM IV, 127.

⁷ Fasteignamat 1916 - 1918. Undirmat Borgarfjarðarsýsla II, 21; Tíminn Jólblað 21.12.1972, 48.

⁸ Ö-Skorholt, 1.

⁹ Jón Snorrason 1757, 25-26; Ármann á Alþingi 1830, 73.

¹⁰ Annálar II, 235.

¹¹ Páll Eggert Ólason 1951, 81.

¹² O.S. 1786, 61-62.

¹³ Fasteignamat 1916 - 1918. Undirmat Borgarfjarðarsýsla II, 21.

¹⁴ Tíminn Sunnudagsblað 15.10.1967, 901.

var í Akurey allt til 1950.¹⁵ Á seinni öldum var ýmsum plöntum einnig safnað í eyjunni til matar- og drykkjargerðar, sem og lækninga.¹⁶

Í Jarðabók Árna og Páls segir árið 1707 að í eyjunni sé nokkur eggversvon en svo lítil æðardúnsvon að ekki kallist gagnvæn. Einnig sé þar selveiðivon en hafi ekki verið notuð í um 30 ár.¹⁷ Selveiða í Akurey er lítið getið í seinni heimildum en enn er þar mikið af sel. Dúntekja batnaði hins vegar að munum og var hún sögð 10-20 pund um 1839,¹⁸ um 30-40 pund 1868,¹⁹ en um 16 pund árið 1918.²⁰ Ekki er ólíklegt að rekja megi aukningu dúntekju til þess að farið var að sitja yfir æðnum en lengi vel tíðkaðist að senda konu og ungling út í eyjuna á vorin til að vakta varpið.²¹ Á sá siður að hafa tíðkast frá tímum Ólafs Stefánssonar stiftamtmanns á seinni hluta 18. aldar.²² Dúntekja í Akurey hefur verið sveiflukend síðustu áratugi enda varpi ekki sinnt með sama hætti og áður fyrr með yfirsetu og fastri sumaríveru.

Lítið hefur verið um fasta búsetu í Akurey en í jarðabók 1804 er hennar þó getið sem eyðihjáleigu frá Leirá.²³ Jarðabók Árna og Páls getur engu um að í eyjunni sé byggð eða að þar hafi áður verið búið og er því líklegt að búsetutilraunirnar hafi orðið eftir ritun þeirrar bókar árið 1707. Ekki var búið aftur að staðaldri í eyjunni svo vitað sé til fyrr en á 20. öld þegar Guðni Þorbergsson byggði sér hús í Akurey árið 1915.²⁴ Hann bjó þar þó ekki fullri búsetu lengur en eitt ár „vegna ókyrrðar, sem talið var, að þar væri“²⁵ en hafðist lengur við á sumrum.²⁶

Landshættir í Akurey

Grunnafjörður var friðlýstur árið 1994 og teljast allar eyjar og sker í firðinum til friðlandsins, þar á meðal Akurey.²⁷ Fjörðurinn er, eins og nafnið bendir til, grunnur og þornar hann að miklu leyti á fjöru. Því er hægt að komast riðandi – eða akandi – til og frá eyjunni ef gætt

¹⁵ Jón Sveinsson e.d., 2.

¹⁶ Jón Sveinsson e.d., 2.

¹⁷ JÁM IV, 127.

¹⁸ SSMB, 226.

¹⁹ Þjóðólfur 24.11.1868, 15.

²⁰ Fasteignamat 1916 - 1918. Undirmat Borgarfjarðarsýsla II, 21.

²¹ Tíminn Sunnudagsblað 15.10.1967, 901.

²² Tíminn Jólalblað 21.12.1972, 48.

²³ JJ, 111.

²⁴ Borgfirskar æviskrár III, 479. Fasteignamat 1916 - 1918. Undirmat Borgarfjarðarsýsla II, 21.

²⁵ Tíminn Sunnudagsblað 08.09.1968, 679.

²⁶ Tíminn Jólalblað 21.12.1972, 48.

²⁷ Stj.tíð. B nr. 548/1994.

er sjávarfalla. Þó eru á fjöru sjávarálar sunnan og vestan eyjarinnar. Sá syðri, Stórallinn eða Meginallinn, er ófær og hafa þar orðið banaslys.²⁸

Eyjan sjálf er um 7,2 ha að stærð og um 700 m á lengd frá nyrsta til syðsta odda. Klettahyggur er eftir eyjunni miðri og voru flestar þær byggingar sem stóðu á eyjunni reistar vestan undir honum. Einnig eru víða klettur við sjó en að öðru leyti er eyjan mjög gróðursæl og vex þar fjölbreyttur gróður. Gróðurfur í eyjunni hefur tekið einhverjum breytingum síðan heyskapur lagðist af því ekki sjást þar grösugar slægjur heldur eru einkum áberandi hvannarbreiður og blóðkollur. Einnig má m.a. sjá bláklukkur, burnirót, umfeðming og ilmreyr.²⁹ Lítil trjágróður er í eyjunni en nokkrum trjáplöntum hefur þó verið plantað þar á síðustu áratugum.

Nokkuð landbrot er í eyjunni af völdum sjávar og hafa raðir varnargarða verið hlaðnar í vík nyrst á eyjunni.

²⁸ Jón Sveinsson e.d., 1-2; Annálar II, 235, 248, 506, 513, 567; Annálar IV, 116.

²⁹ Jón Sveinsson e.d., 2.



VI. Fornleifar í Akurey

Alls voru skráðar 24 fornleifar á 16 minjastöðum í Akurey og má sjá um hlutverk og ástand þeirra í töflu 1. Flestar fornleifanna eru á nyrðri helmingi eyjunnar en fjórar fornleifar voru skráðar nærri suðurodda hennar.

Tafla 1: Skráðar fornleifar og ástand þeirra.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
BO-109b:001_01	Húsabyrpingin/ Rústirnar	tóft	bústaður	hleðslur signar
BO-109b:001_02		tóft	óþekkt	hleðslur signar
BO-109b:001_03		tóft	útihús	hleðslur standa grónar
BO-109b:001_04		tóft	útihús	hleðslur standa grónar
BO-109b:001_05		tóft	óþekkt	hleðslur signar
BO-109b:001_06	Hestasteinn	heimild		sést til
BO-109b:002_01		garðlag	kálgarður	hleðslur standa grónar
BO-109b:002_02		garðlag	kálgarður	hleðslur signar
BO-109b:003	Norðurakur	heimild	akur	ekki sést til fornleifar
BO-109b:004_01	Suðurakur	örnefni	akur	ekki sést til fornleifar
BO-109b:004_02		renna	óþekkt	sést til
BO-109b:005	Fitjar	heimild		ekki sést til fornleifar
BO-109b:006	Uppganga	gata	leið	sést til
BO-109b:007		garðlag	óþekkt	hleðslur standa
BO-109b:008	Brunnurinn	brunnur	brunnur	hleðslur standa
BO-109b:009	Skurður	renna	óþekkt	sést til
BO-109b:010	Víkin	heimild	uppsátur	ekki sést til fornleifar
BO-109b:011	Vörin	heimild	uppsátur	ekki sést til fornleifar
BO-109b:012	Garðurinn/ Hleðslan	gerði	kálgarður	hleðslur standa grónar
BO-109b:013_01		garðlag	varnargarður	hleðslur signar
BO-109b:013_02		garðlag	varnargarður	hleðslur signar
BO-109b:014	Uppsprettan	lind	vatnsból	sést til
BO-109b:015		þúst	óþekkt	sést til
BO-109b:016		tóft	útihús	hleðslur signar

Í fasteignamati 1918 eru nefndar fimm byggingar í Akurey sem allar voru byggðar 1915 þegar tilraun var gerð til fastrar búsetu í eyjunni. Ekki er hægt tengja saman með fullri vissu tóftir sem skráðar voru og lýsingar fasteignamatsins, að frátöldu Steinhúsinu 001_01 en líklegt er þó að flestar ef ekki allar tóftirnar í Húsabyrpingunni 001 séu af húsum byggðum á fyrri hluta 20. aldar og ekki er útilokað að tóft 016 sé einnig frá sama skeiði. Hins vegar er einnig mjög líklegt að í það minnsta einhverjar þessara bygginga hafi verið reistar á eldri minjum, enda er talið að fólk hafi dvalist í eyjunni á sumrum a.m.k. frá seinni hluta 18. aldar og sjálfsagt talsvert fyrr. Þúst 015 gæti einnig tengst íveru í eyjunni fyrr á öldum.

Akurörnefnin tvö, Norðurakur 003 og Suðurakur 004 tengjast mögulega elstu nýtingu eyjunnar, en staðirnir voru einnig nýttir til sláttar á seinni tímum. Hvorki sjást þó skýr merki um akuryrkju né góðar slægjur í dag því svæðið er nú þakið hvönn. Til minnis um seinni tíma ræktun eru kálgarðar 002_01 og 002_02 og Garðurinn 012. Skurður 009 og renna 004_02 á Suðurakri tengjast einnig mögulega jarðrækt en óvíst er hvort renna 004_02 sé nógu gömul til að teljast til fornleifa.

Tvö vatnsból voru í Akurey, Brunnurinn 008 og Uppsprettan 014. Brunnurinn er vel hlaðinn og stendur enn en Uppstrettan er náttúruleg lind.

Fjórar fornleifar tengast aðkomu að eyjunni. Víkin 010 og Vörin 011 voru uppsátur fyrir báta en Hestasteinn 001_06 og Fitjar 005 voru staðir þar sem hestar voru geymdir þegar farið var riðandi út í eyjuna. Aðeins sjást þó mannaverk á einum þessara staða en Fitjarnar eru að mestu horfnar vegna landbrots og óvíst er hvort að skýr ummerki hafi einhvern tíman sést þar sem bátarnir voru dregnir að landi. Hestasteinninn stendur aftur á móti á sínum stað hjá Húsabyrpingunni. Leiðin að íveruhúsum í eyjunni, Uppgangan 006, sést einnig enn.

Nokkur garðlög voru skráð í Akurey. Garðar 013_01 og 013_02 voru varnargarðar, hlaðnir til að verjast ágangi sjávar en hlutverk garðlags 007 er óþekkt.

Minjar í eyjunni voru flestar metnar í engri hættu, að fimm fornleifum frátöldum. Fitjar 005 og varnargarður 013_02 voru metnir í hættu vegna landbrots, og varnargarður 013_01 í stórhættu af sömu ástæðu. Kálgarðar 002_01 og 002_02 voru einnig metnir í hættu vegna trjáræktar en sú hætta er þó ekki mjög mikil að svo stöddu.

Af þeim fornleifum sem þekktar eru í Akurey sáust leifar af 79% þeirra og teljast það góðar heimtur. Fornleifar í eyjunni bera vitni um fjölbreytta nýtingu hennar fyrr á öldum og hafa töluvert heildrænt gildi sem vel varðveitt menningarlandslag.

Heimildir

Annálar: *Annálar 1400-1800. Annales islandici posteriorum sæculorum I-VIII*, 1922-2002. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Ármann á Alþingi 1830: B.E. 1830. Stutt og einfaldt Yfirlit yfir Bjargræðisvegina á Íslandi bæði á fyrri og seinni tímum. *Ármann á Alþingi eða almennur Fundur Íslendinga. Ársrit fyrir búhölda og bændafólk á Íslandi 2*, bls. 63-133.

Birna Lárusdóttir & Oddgeir Hansson. 2003. *Fornleifaskráning í Leirár- og Melasveit*. FS199-00032. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Borgfirskar æviskrár III: Aðalsteinn Halldórsson, Ari Gíslason & Guðmundur Illugason (ritstjórar). 1973. *Borgfirskar æviskrár*. III. bindi. Án útgáfustaðar: Sögufélag Borgarfjarðar.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn 1857-1950*. I.-XV. bindi. Kaupmannahöfn & Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1925 & 1927. IV. bindi. Borgarfjarðar- & Mýrasýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JJ: J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Jón Snorrason. 1757. *Tractatus historico-physicus de agricultura Islandorum*. Havniæ: Án útgefanda.

O.S. 1786. Um not af nautpeningi. *Rit þess íslenska Lærdómslistafélags IV*, 20-96.

Páll Eggert Ólason. 1951. *Íslenskar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940*. IV. bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

SSBM: *Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*. 2005. Reykjavík: Sögufélag & Örnefnastofnun Íslands.

Stj.tíð. B nr. 548/1994. Auglýsing um friðlýsingu Grunnafjarðar.

Tíminn Jólblað 21.12.1972: V.S. 1972. „Tíminn langa dregur drögu“: Leirá í Leirársveit. *Tíminn Jólblað*, 21. desember, bls. 44-45, 48.

Tíminn Sunnudagsblað 15.10.1967: Sæmundur Eggertsson. 1967. Bernskuminningar úr Leirársveit. *Tíminn Sunnudagsblað*, 15. október, bls. 900-905.

Tíminn Sunnudagsblað 08.09.1968: Þorvaldur Steinason. 1968. Með sjó fram. *Tíminn Sunnudagsblað*, 08. september, bls. 676-683, 693.

Þjóðólfur 24.11.1868: Auglýsingar. 1868. *Þjóðólfur*, 24. nóvember, 15-16.

Óútgefnar heimildir

Fasteignamat 1916 - 1918. Undirskrift Borgarfjarðarsýsla II. Þjóðskjalasafn Íslands.

Jón Sveinsson. e.d. Akurey í Grunnafirði. Óútgefið handrit.

Ö-Akurey: Örnefnaskrá Akureyjar Án ártals. Jón Sveinsson skráði.

Ö-Skorholt: Örnefnaskrá Skorholts. 1975. Ari Gíslason skráði eftir Hallsteini Ólafssyni

og Sigurjóni Hallsteinssyni. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	X (A)	Y (N)
BO-109b:001_01	358185	434474
BO-109b:001_02	358190	434467
BO-109b:001_03	358196	434482
BO-109b:001_04	358204	434495
BO-109b:001_05	358210	434503
BO-109b:001_06	358188	434479
BO-109b:002_01	358159	434397
BO-109b:002_02	358141	434393
BO-109b:003	358410	434559
BO-109b:004_01	358029	434131
BO-109b:004_02	358061	434136
BO-109b:005	358318	434530
BO-109b:006	358259	434521
BO-109b:007	358365	434492
BO-109b:008	358144	434381
BO-109b:009	358037	434187
BO-109b:010	358224	434436
BO-109b:011	358115	434375
BO-109b:012	358245	434527
BO-109b:013_01	358349	434643
BO-109b:013_02	358337	434638
BO-109b:014	358216	434531
BO-109b:015	358047	434170
BO-109b:016	358223	434519



Viðauki II: Minjakort

Kort á næstu síðum eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.





109b0132 109b0131

109b003

109b014 109b012 109b005
109b016 109b006


109b0014 109b0015 109b007
109b0016 109b0013
109b0011 109b0012

109b010

109b0022 109b0021
109b011 109b008

109b009
109b015

109b0041 109b0042





0 50 100 150 200 250 m

